

## Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

### I. kafli Markmið

#### 1. gr.

Reykjavíkurborg veitir félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

#### 2. gr.

Markmið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

#### 3. gr.

Með styrkjum Reykjavíkurborgar skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar.

Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né til greiðslu fasteignaskatta.

### II. kafli Ábyrgð

#### 4. gr.

Borgarstjórn ákveður við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar árleg framlög til styrkja. Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð þeirra langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagráða borgarinnar. Borgarráð getur þó falið einstökum ráðum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.

#### 5. gr.

Fagráð Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs. Þau skulu gera samþykktir um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu samþykktar af fagráðinu og lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

Fagráð geta skipað í faghópa sem yfirfara umsóknir og veita ráðinu ráðgjöf um meðferð umsókna.

#### 6. gr.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar fer með miðlæga ábyrgð á umsjón styrkjamála. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagráða, gerð heildaryfirlita og auglýsinga ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

### III. kafli Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja

#### 7. gr.

Við meðferð og mat á styrkumsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð. Umsóknir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

#### 8. gr.

Ávallt er opið fyrir móttöku styrkumsókna. Úthlutanir styrkja til verkefna fara almennt fram tvisvar á ári, í maí og desember, og taka til þeirra umsókna sem berast frá því vinnslu síðustu úthlutunar lauk. Fagráð skulu setja sér nánari reglur um úthlutun styrkja. Fyrirhugaðar úthlutanir skulu auglýstar og við það skal miðað að auglýst sé þremur mánuðum fyrir úthlutun. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um úthlutunartíma, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga.

#### 9. gr.

Sækja skal um styrk á rafrænan hátt á vef Reykjavíkurborgar.

#### 10. gr.

Umsóknir skulu m.a. metnar með hliðsjón af:

- a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð.
- b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf.
- c) hvort unnt sé að meta framvindu verkefnisins.
- d) hvort fyrri verkefni umsækjanda sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur, þ.e. hafi skilað inn fullnægjandi stöðu og/eða lokaskýrslu.
- e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi.
- f) fjárhagsáætlun og upplýsingum um aðra fjármögnun sem einnig skulu fylgja umsókn.
- g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun og annarri stefnumörkun Reykjavíkurborgar.

#### 11. gr.

Umsóknir skulu lagðar fram á fundi fagráðs með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktu og reglna þessara.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Umsóknir skulu lagðar fyrir borgarráð með tillögu um afgreiðslu. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsókna og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

#### 12. gr.

Ekki er heimilt að veita styrki vegna viðburða eða verkefna sem þegar hafa farið fram. Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingu af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Fagráð skulu vísa styrkjasamningum sem gilda í lengri tíma en eins árs til samþykktar borgarráðs.

#### 13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef um er að ræða forsendubrest eða vanefndir af hálfu styrkþega. Beina skal áskorun og krefjast þess að styrkþegi bæti úr ágöllum innan 14 daga að viðlagðri riftun verði vanefndir viðvarandi að loknum þeim fresti. Í áskorun skal tilgreina ástæður riftunar og kröfu um úrbætur.

#### 14. gr.

Styrkþegi skal undirrita samning áður en styrkur er greiddur. Að jafnaði skulu styrkir allt að 2 milljónum króna greiddir í tvennu lagi þar sem fyrri greiðsla greiðist eftir undirritun samnings og seinni greiðsla eftir samþykkt lokaskýrslu, styrkir á bilinu 2 til 3 milljónir króna í þrennu lagi þar sem fyrsta greiðsla greiðist eftir undirritun samnings, önnur greiðsla eftir skil á stöðuskýrslu

og seinasta greiðsla eftir samþykkt lokaskýrslu. Hærri styrkir en 3 milljónir króna skulu greiðast í fernu lagi þar sem fyrsta greiðsla greiðist eftir undirritun samnings, önnur og þriðja greiðsla eftir skil á stöðuskýrslum og seinasta greiðslan eftir skil á lokaskýrslu.

Greiðslum vegna þjónustusamninga eru gerð skil í viðkomandi samningi.

#### 15. gr.

Fagráð skulu leggja yfirlit veittra styrkja fram á fundi borgarráðs eins fljótt og auðið er eftir úthlutun. Fagráð skulu jafnframt annast almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

#### 16. gr.

Styrkþegar skulu skila lokaskýrslu við lok verkefnisins. Í lokaskýrslu skulu vera upplýsingar um fjárhagsuppgjör verkefnisins og kyngreind gögn um þau sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Lokaskýrsla verkefnis er opinber og birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Styrkþegar sem hljóta hærri styrk en 2 milljónir króna skulu skila stöðuskýrslum eftir því sem verkefninu vindur fram sbr. 14. gr. Stöðuskýrslur skulu innihalda greinargóðar lýsingar á stöðu verkefnisins og framkvæmd þess.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skulu metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gera skal grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess skýrt getið í kynningarefni fyrir verkefnið.

### **IV. kafli. Gildistaka**

#### 17. gr.

Reglur þessar koma í stað eldri reglna um styrki frá 25. maí 2017 og taka gildi við samþykkt borgarráðs.

Samþykkt á fundi borgarráðs X. X. 2025